

Ársskýsla 2013-2014

Vestmannaeyjadeild SLFÍ



Ársskýsla 2013-2014

Aðalfundur Vestmannaeyjadeildar Sjúkraliðafélags Íslands var haldinn í Arnardrangi miðvikudaginn 12 nóvember 2014 kl. 20:00, á fundinn mættu 19 manns en í Vestmannaeyjadeildinni eru skráðir 39 félagsmenn. Fundarstjóri á fundinum var Sigurlaug Böðvarsdóttir.

Formaður fór í grófum dráttum yfir starf sitt fyrir hönd félagsins á síðasta ári. Kristín formaður sjúkraliðafélagsins kom til okkar í byrjun nóvember í fyrra og kynnti okkur kröfugerðir sem kæmu fram í komandi kjaramálaviðræðum, mjög vel var mætt á þennan fund.

Á Evrópuþegi sjúkraliða báru sjúkraliðar í Vestmannaeyjum merki sem voru búin til í tilefni þessa dags og Ásdís Emilía Björgvinsdóttir skrifaði grein sem birt var í Eyjafréttum.

Í endaðan nóvember í fyrra var vel heppnaður jólafundur sem haldinn var í Svöluhóli og áttum við yndislega kvöldstund saman. Matur var frá Einsa kalda og eftirréttir frá starfsfólki heilsugæslunnar sem héldu fundinn. Þrjú sjúkraliðar áttu 15 ára útskriftarafmæli 2013 og voru þeir heiðraðir með gjöfum í tilefni þess. Og ný nefnd var kosin til að halda næsta jólafund.

Í desember 2013 voru þrjú sjúkraliðar útskrifaðar þær Arna Hlín Ástþórsdóttir, Guðrún Eydís Eyjólfsson og María Rós Sigurbjörnsdóttir, svo skemmtilega vill til að þær eru allar fæddar í desember 1993 og Guðný Bjarnadóttir ljósmóðir og kennari þeirra tók á móti þeim öllum þegar þær fæddust og eru tvær þeirra fæddar á aðfangadag.



Á myndinni eru María Rós, Guðrún Eydís og Arna Hlín.

Í maí sl. voru fjórir sjúkraliðar útskrifaðir frá FÍV Donna Ýr Kristinsdóttir, Kolbrún Anna Rúnarsdóttir, Jónína Björk Hjörleifsdóttir og Þórunn Ingólfsdóttir.



Á myndinni eru Donna ÝR, Kolbrún Anna, Guðný, Jónína Björk og Þórunn.

Fjölskyldudagur Vestmannaeyjardeildar var í sjúkraliðalundinum 27. maí, þar voru hendur teknar fram úr ermum og hreinsað, klippt og borið á. Eftir annarsaman dag var boðið upp á grillaðar pylsur og gos.

Formaður hefur farið á fjóra Félagstjórnafundi á árinu og var við vígslu á nýrri félagsmiðstöð Sjúkraliðafélags Íslands sem er staðsett á Grensársveginum. Öll aðstaða er til fyrirmyndar og býður upp á mikla möguleika t.d er tveir salir sem hægt er að gera að einum góðum sal fyrir fundi eða að hafa tvo fundi í einu.

EPN fundur var haldin 4 júní s.l. í Helsínki í Finnlandi. Innan Evrópusambands sjúkraliða eru um 100 þúsund sjúkraliðar sem koma frá Íslandi, Danmörku, Færeyjum, Noregi, Finnlandi og Lúxemborg. Á vegum Sjúkraliðafélags Íslands mættu 16 manns sem var samheldinn og skemmtilegur hópur. Á fundinum voru tvær ályktanir samþykktar, önnur samþykktin er að heilbrigðisstarfsfólk eigi rétt á fullri vinnu og hin að fjölga verður sjúkraliðum. Næst fundur EPN verður haldin á Íslandi 2016.

Jafnréttisráðstefnan Nordiskt Forum var haldið í Malmö í Svíþjóð um miðjan júní það vorum átta sem mættu á vegum sjúkraliðafélagsins en um 20 þúsund gestir voru á ráðstefnunni og þar af voru um 350 frá Íslandi. Á lokahátíð voru jafnréttisráðherrum Norðulandanna afhentar formlegar lokaniðurstöður Nordiskt forum. Í þessu lokaskjali voru ráðherrarnir kvattir til að virða sáttmála

sem skrifað var undir í Peking 1995 en þar lofuður ríkisstjórnir landanna að virða kynjasjónarmið í öllu sínu starfi og sjónarmiðum. Í lokaskjalinu voru 63 kröfur sem ríkisstjórnir Norðurlandanna voru hvattar til að bregðast við og þar af voru fimm lykilkröfur.

Skrifað var undir stofnanasamning við hve í september 2014
stofnanasamningar við stofnunina voru lausir í mars 2013

Um miðjan september komu þrír sjúkraliðar sem starfa á bráðamóttökunni í Fossvogi í heimsókn til okkar þau skoðuðu sjúkrahúsið og fengu góða fræðslu hjá Eyðísi hjúkrunarforstjóra og einnig kíktu þau á lundinn okkar og voru mjög hrifin af honum þau héldu að þetta væri eina deildin sem væri með svona lund og hrósuðu okkur mikið fyrir hann. Rósa Sigurjónsdóttir hefur haft yfirumsjón með lundinum okkar og á hún mikið hrós skilið fyrir alla þá vinnu sem hún hefur lagt í hann.

Evrópudagur sjúkraliða 26 nóv n.k en sú hugmynd hefur komið fram að við bjóðum samstarfsfólki okkar í kaffi á þessum degi til að minna á okkur. Vel var tekið í þá hugmynd.

Anna Ingibjörg Lúðvíksdóttir lagði fram reikninga félagsins sem voru samþykktir.

Ferðanefnd kynnti fyrirhugaða ferð og stefnt er að fara 30 apríl n.k til Brighton í ferðanefnd eru Bjarney Pálsdóttir, Guðný Halldórsdóttir, Hjördís Kristinsdóttir og Sólveig Þóra Arnfinnsdóttir.

Þyrí Ólafsdóttir og Ingibjörg Þórhallsdóttir stjórnðu kosningu stjórnar, en tvær nýjar komu inn í stjórnina þær Vilborg Þórunn Stefánsdóttir og Þórunn Ingólfssdóttir og úr stjórn gengu Ásta Halldórsdóttir og Sigríður Guðbrandsdóttir og var þeim þakkað fyrir vel unnin störf.

Í nýrri stjórn eru:

Áslaug Steinunn Kjartansdóttir Formaður

Anna Ingibjörg Lúðvíksdóttir Varaformaður

Vilborg Þórunn Stefánsdóttir Gjaldkeri

Dagmar skúladóttir Ritari

Þórunn Ingólfisdóttir Meðstjórnandi

Nefndir sem kosið var í:

Uppstillingarnefnd:

Þyri Ólafsdóttir

Ingibjörg Þórhallsdóttir

Skoðunarmenn:

Sigríður Gísladóttir

Elín Sigríður Björnsdóttir

Fræðslunefnd:

Þórunn Halldórsdóttir

Þyri Ólafsdóttir

Kjaramálanefnd:

Áslaug Steinunn Kjartansdóttir

Vilborg Stefánsdóttir

Formaður þakkar fyrir góða mætingu.

Að fundi loknum var boðið upp á veitingar frá Gott.

Vestmannaeyjar 12. nóvember 2014

Áslaug Steinunn Kjartansdóttir formaður.